

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur um lækna.

1. *Hver var meðalaldur fastráðinna lækna á heilsugæslustöðvum árin 2017–2022? Svar óskast sundurliðað eftir árum og heilsugæslustöðvum.*

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir ofangreindum upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH), Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE), Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HEST), Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN), Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA), Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS). Þá óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) vegna þeirra aðila sem starfa samkvæmt samningi við SÍ. Svör bárust ekki frá öllum framangreindum aðilum sem óskað var gagna frá.

Í töflu 1 má finna upplýsingarnar birtar eins og þær bárust frá umræddum aðilum, upplýsingarnar eru ekki tæmandi útlistun á öllum einingum heilbrigðiskerfisins og byggjast á aðsendum gögnum eins og þau bárust.

Tafla 1: Meðalaldur fastráðinna lækna á heilsugæslustöðvum árin 2017–2022.

Stofnun	Heilsugæsla	2017	2018	2019	2020	2021	2022
HH	Árbær	57	54	55	55	53	55
HH	Efra-Breiðholt	54	53	53	56	52	50
HH	Efstaleiti	46	45	46	47	54	53
HH	Fjörður	50	51	52	53	56	53
HH	Garðabær	56	57	54	54	58	58
HH	Glæsibær	58	54	52	56	51	52
HH	Grafarvogur	50	55	58	56	58	55
HH	Hamraborg	57	57	58	59	58	55
HH	Hlíðar	55	50	48	49	50	53
HH	Hvammur	57	58	57	52	53	51
HH	Miðbær	56	56	58	59	60	62
HH	Mjódd	59	60	62	51	43	44
HH	Mosfellsumdæmi	59	49	52	47	42	58
HH	Seltjarnarnes	53	47	48	50	51	50
HH	Sólvangur	49	50	49	50	50	52
HH	Geðheilsuteymi austur	37	38	39	40	42	47
HH	Geðheilsuteymi suður				41	44	51
HH	Geðheilsuteymi vestur		41	42	47	48	49
HH	Geðheilsuteymi ADHD					45	

Stofnun	Heilsugæsla	2017	2018	2019	2020	2021	2022
HH	Geðheilsuteymi barna					48	
HH	Geðheilsuteymi fangelsi			66	59	50	
HH	Geðheilsuteymi fjölskylduvernd				52	62	
HH	Heilaörvunarmiðstöð					43	
HH	Geðheilsuteymi taugaþroskaraskana				49	50	
HH	Heilbrigðisskoðun innflytjenda	49	56	57	65	66	42
HH	Héraðsvakt	66	62	60	56	54	55
HH	Kvenheilsa					55	59
HH	Samhæfingarstöð krabbameinsskimana				47	48	
HH	Þroska- og hegðunarstöð	56	44	45	46	44	42
HVE	Akranes					55	
HVE	Borgarnes					53	
HVE	Búðardalur					62	
HVE	Hvammstangi					62	
HSA	Djúpivogur	60	64		32	25	26
HSA	Reyðarfjörður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður	49	43	35	37	39	33
HSA	Neskaupstaður	48	38	37	39	38	36
HSA	Seyðisfjörður	57	36	54	55	56	57
HSA	Egilssstaðir	38	37	38	37	36	34
HSA	Vopnafjörður	59	60	61	62	63	64
HSS	Keflavík	47,9	45,6	45,9	45,6	46,3	50,3
HSS	Grindavík	45,5	46,5	47,5	48,5	49,5	50,5
	Heilsugæslan Urðarhvarfi	45,2	46,2	44,6	43,4	43,4	40,8

2. Hver var meðalaldur fastráðinna lækna á öðrum heilbrigðisstofnunum á sama bili? Svar óskast sundurliðað eftir árum, heilbrigðisumdænum og stofnunum.

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir ofangreindum upplýsingum frá Landspítalanum (LSH), Sjúkrahúsini á Akureyri (SAk) HVE, HVEST, HSN, HSA, HSU og HSS. Þá óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá Sjúkraþryggingum Íslands (SÍ) vegna þeirra aðila sem starfa samkvæmt samningi við SÍ. Svör bárust ekki frá öllum aðilum.

Í eftirfarandi töflum má sjá útlistun á meðalaldri fastráðinna lækna á öðrum stofnunum en þeim sem voru tilgreindar í 1. tölul. fyrirspurnarinnar og eru upplýsingarnar birtar eins og þær bárust. Jafnframt ber þess að geta að ekki er um að ræða tæmandi útlistun á öllum einingum heilbrigðiskerfisins heldur byggir svarið á aðsendum gögnum.

Tafla 2: Meðalaldur fastráðinna lækna á öðrum stofnununum árin 2017–2019.

Stofnun	Heilbrigðis- umdæmi	Tegund	Nafn	2017	2018	2019
LSH		Sjúkrahús	Landspítalinn	52,3	52,2	52,7
SAk		Sjúkrahús	Sjúkrahúsið á Akureyri	51,6	51,0	52,0
HSA	Austurland	Sjúkrahús	Neskaupstaður	54,0	54,0	51,0

HSA	Austurland	Hjúkrunar-/dvalarheimili	Fossahlíð Seyðisfirði	57,0	58,0	54,0
HSA	Austurland	Hjúkrunar-/dvalarheimili	Dyngja Egilsstöðum	47,0	48,0	48,0
HSU	Suðurland	Heilbrigðisst. Suðurlands	Samtals	48,0	48,9	48,0
HSS	Suðurnes	Hjúkrunar-/dvalarheimili	Víðihlíð	51,0	52,0	53,0
HSS	Suðurnes	Sjúkrahús	Slysa- og bráðamóttaka	42,0	60,0	61,0
HSS	Suðurnes	Sjúkrahús	Legudeild	58,0	56,0	51,0
		Hjúkrunar-/dvalarheimili	Roðasalir	65,0	66,0	67,0
		Aðrar stofnanir	Heilsustofnun NLFÍ	63,5	64,5	65,5
		Aðrar stofnanir	Reykjalundur	55,0	56,0	54,0
		Hjúkrunar-/dvalarheimili	Sólvellir	45,0	45,0	45,0
		Hjúkrunar-/dvalarheimili	Hjallatún	63,0	64,0	65,0
		Sjúkrahúsið Vogur	Vogur	48,6	49,6	53,5
		Hjúkrunar-/dvalarheimili	Fellsendi	57,0	58,0	59,0

Tafla 3: Meðalaldur fastráðinna lækna á öðrum stofnununum árin 2020–2022.

Stofnun	Heilbrigðis-umdæmi	Tegund	Nafn	2020	2021	2022
LSH		Sjúkrahús	Landspítalinn	53,0	53,3	52,9
SAk		Sjúkrahús	Sjúkrahúsið á Akureyri	51,8	52,2	52,1
HSA	Austurland	Sjúkrahús	Neskaupstaður	49,0	52,0	51,0
HSA	Austurland	Hjúkrunar-/dvalarheimili	Fossahlíð Seyðisfirði	55,0	56,0	57,0
HSA	Austurland	Hjúkrunar-/dvalarheimili	Dyngja Egilsstöðum	49,0	47,0	52,0
HSU	Suðurland	Heilbrigðisst. Suðurlands	Samtals	42,9	42,6	43
HSS	Suðurnes	Hjúkrunar-/dvalarheimili	Víðihlíð	54,0	55,0	56,0
HSS	Suðurnes	Sjúkrahús	Slysa- og bráðamóttaka	62,0	62,5	63,5
HSS	Suðurnes	Sjúkrahús	Legudeild	52,0	41,0	42,0
		Hjúkrunar-/dvalarheimili	Roðasalir	68,0	69,0	70,0
		Aðrar stofnanir	Heilsustofnun NLFÍ	67,7	68,3	62,5
		Aðrar stofnanir	Reykjalundur	55,0	56,0	56,8
		Hjúkrunar-/dvalarheimili	Sólvellir	45,0	45,0	45,0
		Hjúkrunar-/dvalarheimili	Hjallatún	67,0	68,0	69,0
		Sjúkrahúsið Vogur	Vogur	47,9	48,0	46,9
		Hjúkrunar-/dvalarheimili	Fellsendi	60,0	61,0	62,0

3. Hversu marga skjólstæðinga hefur hver heimilislæknir að meðaltali á hverri heilsugæslustöð? Hver er ákjósanlegur fjöldi skjólstæðinga hvers heimilislæknis að mati ráðherra?

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir ofangreindum upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands. Niðurstaðan varð sú að SÍ gátu ekki tekið upplýsingarnar úr sínum gögnum. Til að geta svarað spurningunni þarf að skoða gögnin í samhengi við starfshlutfall hvers læknis, þar sem ekki eru allir heimilislæknar í 100% starfi og læknar sinna gjarnan öðrum störfum meðfram heilsugæslulækningum, þetta á sérstaklega við um lækna á landsbyggðinni. Það þarf því að skoða þetta í samhengi við það starfshlutfall sem læknir vinnur við móttöku skjólstæðinga

á heilsugæslu í dagvinnu. Ráðuneytið metur það sem svo að til þess að hægt sé að svara þessum lið fyrirspurnarinnar þurfi að fara í greiningarvinnu og ítarlega staðlaða upplýsingasöfnun frá heilbrigðisstofnunum sem sé umfram það sem lagt er til grundvallar í 57. gr. þing-skapalaga, nr. 55/1991.

Hvað varðar spurninguna um hver sé ákjósanlegur fjöldi skjólstæðinga hvers heimilislæknis að mati ráðherra má benda á að ráðherra hefur nú sett af stað umfangsmikið verkefni um framtíð læknispjónustu sem verður unnið í nánu samstarfi við haghafa. Auk þess er þegar hafin umfangsmikil vinna í ráðuneytinu við mönnunargreiningu þvert á heilbrigðiskerfið, sem miðar að því að móta framtíðarsýn ráðuneytisins um gögn og greiningar, ná yfirsýn yfir mönnun heilbrigðisstéttu og undirbyggja mönnunaráætlun til framtíðar. Niðurstaða þeirrar greiningar kemur í framtíðinni að góðum notum við að svara fyrirspurn sem þessari.

Þá vísar ráðherra til svarts við fyrirspurn um lækna á þskj. 2024 í 681. máli, en þar svaraði ráðherra spurningunni um hvert væri lágmarksviðmið um mönnun lækna á heilbrigðisstofnunum. Þar kemur fram að Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) hefur, að ósk fagráðs ÞÍH, lagt mat á mönnunarþörf heilsugæslunnar (fyrsta stigs þjónustu) en hefur ekki lagt mat á lágmarksviðmið mönnunarþarfa lækna á heilbrigðisstofnunum úti á landi þar sem boðið er upp á annars stigs þjónusta líka. Það var metið sem svo að sennilega þyrfti einn heimilislækn á 1.000 til 1.500 íbúa. ÞÍH taldi seinni töluna þó sennilega of háa og að hún ætti að vera nær 1.200 íbúum og bent í að forsendur þessa mats væru afar misjafnar eftir verkefnum, svæðum o.s.frv.

Ráðherra hefur ekki sett lágmarksviðmið um mönnun lækna á heilbrigðisstofnunum og bendir á að í kröfulýsingu um heilsugæslustöðvar stendur að mönnun sé á ábyrgð rekstrar-aðila og almennt er mönnun hverrar stofnunar á ábyrgð hennar. Skipulag hverrar stofnunar tekur síðan mið af umfangi starfseminnar sem getur verið misjöfn milli staða, þannig getur verið munur á skipulagi mönnunar heilbrigðisstarfsfólks eftir einingum, stofnunum og landsvæðum. Við skipulag mönnunar horfa stofnanir einnig til fjárveitinga/fjárheimilda og aðgengi að starfsfólk.